

FUNDARGERÐ

Starfshópur um framtíðarsýn og skipulag samrekins leikskóla og grunnskóla með samþættu frístundastarfi og tónlistarnámi ásamt íþróttamiðstöð.

2. fundur starfshópsins haldinn 30. nóvember 2016, kl. 17:00 í Klébergsskóla.

Mættir: Sigrún Anna Ólafsdóttir skólastjóri Klébergsskóla, Guðrún Edda Bentsdóttir verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir starfandi skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu á skóla- og frístundasviði, Atli Steinn Árnason framkvæmdastjóri Gufunesbæjar, Linda Rós Sigþórsdóttir grunnskólakennari, fulltrúi kennara í Klébergsskóla, Birna Ragnarsdóttir umsjónarmaður Kátakots, fulltrúi frístundastarfsmanna í Klébergsskóla, Ásta Hjálmarsdóttir skrifstofustjóri Klébergsskóla, Alexander Aron Davorsson fulltrúi starfsmanna Íþróttamiðstöðvar, Ásdís Hallgrímsdóttir sérkennslustjóri, fulltrúi leikskólustarfsmanna á Bergi, Sveinn Þórður Birgisson fulltrúi tónlistarskólans, Regína Hansen Guðbjörnsdóttir fulltrúi grunnskólaforeldra, Bára Birgisdóttir fulltrúi leikskólaforeldra og Ragnar Þorsteinsson starfsmaður hópsins, sem jafnframt ritaði fundargerð. Ingibjörg Gísladóttir fulltrúi mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs fékk ekki fundarboð vegna mistaka.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Skólastjóri kynnti dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri Dalskóla lýsir hugmyndafræði, skipulagi og starfsemi skólans
3. Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Gufunesbæjar lýsir hugmyndum sínum um frístundastarf á Kjalarnesi og tengslum við Gufunesbæ
4. Önnur mál

Ragnar Þorsteinsson fór yfir fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

Skólastjóri bauð Hildi Jóhannesdóttur skólastjóra Dalskóla velkomna á fundinn. Hildur fór yfir glærukynningu þar sem lýst var hugmyndafræði, skipulagi og starfsemi Dalskóla. Samhliða kynningu Hildar var mikil og góð umræða meðal fundarmanna um skólastarf í Dalskóla.

Þriðja dagskrárlið var frestað til næsta fundar, sem fyrirhugaður er í byrjun janúar

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 19:00

